Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
02. des. 2020
Byggingarfulltrúi




GRUNNMYND 1.HÆÐ

| | |
|---|---|
| BRÚTTÓFLATARMÁL BÚSTAÐAR MEÐ GEYMSLU: | 87,5 M2 |
| FLATARMÁL PALLA UTANHÚSS: | 116,0 M2 |






SKURÐUR A-A



VESTUR



SUÐUR



AUSTUR



NORÐUR

Byggingalýsing fyrir orlofshúsið að Brekkuskógi 28, Bláskógabyggð
Staðgreinir: 8721-1-25000010 og Landnúmer: 167210
Matshlutanúmer 28.

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt orlofshús á lóðinni.

Húsið er hefðbundið heilsársorlofshús úr timbri á steyptum undirstöðum.

Undirstöður og gólf:
Undirstöður eru steyptir sökklar á þjappaðri fyllingu, einangraðir að innan með 100 mm frauðplasteinangrun.
Gólf er steypt botnplata með 100 mm frauðplasteinangrun.

Útveggir:
Burðargrind útveggja er úr 45x145 mm timburgrind með 150 mm þéttullareinangrun.
Utan á burðargrind komi vindlokun og stífingarlag úr 9 mm krossvið.
Loftunargrind komi útan á krossvið, sem á er klædd liggjandi timburklæðning.
Innan á timburgrind komi rakavarnarlag úr þolplasti, raflagnagrind og trépanel- eða gifsklæðning.

Gluggar og hurðir:
Gluggar og hurðir eru í samræmi við ÍST 40 og 41.
Gler er tvöfalt einangrunargler, K-gler eða sambærilegt.
þar sem björgunarop eru í gluggum er ljósop opsins a.m.k. 60x90 sm.

Þak
þak hússins er hefðbundið loftað timburþak.
Burðarviðir 45x245 timbursperrur, klæddar með 25 mm borðaklæðningu.
Vatnsvörn með þakpappa og bárujárnsklæðningu.
Þak klætt að innan með trépanel- eða gifsklæðningu á raflagnagrind yfir rakavarnarlagi.
Einangrun í þaki er 220 mm þakull.

Innveggir:
Veggir eru léttir timburgrindarveggir með 50 mm einangrun klæddir með trépanel- eða gifsklæðningu.

Útihandrið:
Handriði á palli eru úr timbri, 90 sm há, með handlista og lóðréttum pílárum.

Brunavarnir:
Brunamótstaða einstakra byggingahluta og brunavarnir eru í samræmi við byggingarreglugerð.
Reykskynjari er í alrými og öllum svefnrýmum.
Reykskynjari í útigeymdlu skal samtengdur reykskynjara í húsi.
Slökkvitæki er í anddyri

Upphitun:
Upphitun húss er gerð með hitaveitu með gólfhitarörum sem steypt eru inn í botnplötu.

Fráveitumál:
Skólplagnir frá húsi tengjast fráveitukerfis svæðissins.
Regnvatni er veitt í púkk.

Lóðafrágangur bílastæði:
Almenn bílastæði eru við veg, en hellulagt, upphitað bílastæði fyrir fatlaða er við húsið, ásamt upphituðum rampa með halla mest 1:20.
Timburpallur er um hús og gengið frá röskuðu svæði kringum hús með túmþökum.
Heitur pottur mfeð læsanlegu loki er á palli. Hæð potts frá palli er 40 sm.

BO - Björgunarop
SL - Slökkvitæki
RS -Reykskynjari
GN - Gólfniðurfall

Stærðir:

| | |
|---|---|
| 1. hæð brúttóflatarmál: | = 87,5 m² |
| Brúttórúmmál | = 297,2 m³ |

Kólnunartölur helstu byggingahluta eru:

| | |
|---|---|
| Þak : | 0,20 $W/m^2K$ |
| Veggir : | 0,30 $W/m^2K$ |
| Einangrað gólf á fyllingu : | 0,30 $W/m^2K$ |
| Gluggar : | 2,00 $W/m^2K$ |
| Hurðir : | 3,00 $W/m^2K$ |

ORLOFSHÚS, BREKKUSKÓGUR, BLÁSKÓGABYGGÐ

HÚS NR. 28
AÐALTEIKNING
GRUNNMYND, ÚTLIT
SNEIÐING

20210732

VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA FRV
TRYGGVAGÖTU 11, 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 561 9040, NETFANG: vidsja@vidsja.is
www.vidsja.is

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HANNAÐ JLS | TEIKNAÐ JLS | MKV. 1:100 | VERKNR. 20-038 | | |
| SAMÞ. | | SKRÁ A01 | TEIKN. NR. A-01 | | |
| KENNIT. Jón Logi Sigurbjörnsson 190556-3959 | | DAGS. 2020.12.13 | | | |

| ÚTGÁFA | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|
| | | |